


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>SAGXS24</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SVÁ
----------------	--------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fengist við lestur og lesskilning í tengslum við ýmislegt úr Íslandssögunni sem og veraldarsögunni, s.s. sögur af frægum persónum, ýmsum uppfinningum, undrum veraldar, atburðum og tímabilum.

### Markmið: Að auka og efla...

- þekking: samfélags- og menningarsögulega kunnáttu  
þekkingu á sögulegum staðreyndum og atburðum á Íslandi og erlendis
- leikni: lestrarfærni, orðaforða, munnlega tjáningu, hlustun og leikni í að tengja þekkingu sína við daglegt líf
- hæfni: að geta:  
lesið/hlustað sér til gagns og ánægju  
tekið þátt í samræðum og rökræðum  
hlustað á og virt mismunandi lífsgildi og sjónarmið  
haft trú á eigin getu

### Námsgögn: Á þessari önn verður unnið með 2-3 bækur úr bókaflokknum


*Veröldin er full af spennandi fróðleik, Sögur útgáfa 2014-2015.* Nemendur fá bækurnar lánaðar í skólanum. Byrjað á bókinni *30 Undur veraldar*. Aðrir titlar ákveðnir síðar.

Vinnubækur sem kennari útbýr jafnóðum úr efninu.

Kvikmyndir og sjónvarpsþættir sem tengjast lesefninu og/eða öðru sögulegu efni (tilkynnt síðar).

Af og til verður unnið með tímarit úr ritröðinni *Sagan öll*. Verkefni sem kennari útbýr jafnóðum og nemendur leysa 2 eða fleiri saman.

**Nemendur komi með þunna plastmöppu til að safna saman verkefnum.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>SAGXS24</b>	
	<b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	

### Áætlun um yfirferð og verkefni:

Í kennslustundum samlesa nemendur og kennari úr bókunum stutta kafla í einu og nemendur vinna verkefni jafnóðum ýmist einir eða saman eftir atvikum. Lagt verður upp úr samræðum og hugleiðingum um efnið. Nemendur geyma verkefni í skólanum og safna þeim saman í vinnubók sem metin verður í annarlök.

**Námsmat og vægi námsþátta:** Áfanginn er próflaus símatsáfangi og metinn með **staðið S eða fallið F**. Til að standast áfangann S þarf nemandinn að hafa skilað og tekið þátt í 50% verkefnanna. Nemandi sem uppfyllir ekki skilyrði fær einkunnina 1-4.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>	<b>Vægi</b>	
lestur/lesskilningur	Skrifleg verkefni úr <i>30 Undrum veraldar</i> .	20%	
krossapróf	Krossapróf úr <i>30 Undrum veraldar</i> .	10%	
hópsamræður	Samræður um námsbókina og kvikmyndir tengdar efninu.	10%	
lestur/lesskilningur	Skrifleg verkefni úr seinni bókinni.	20%	
krossapróf	Krossapróf úr seinni bókinni.	10%	
hópsamræður	Samræður um námsbókina og kvikmyndir tengdar efninu.	10%	
samvinnuverkefni	Verkefni út tímaritinu <i>Sagan öll</i> .	10%	
ástundun og virkni í kennslustundum	Matslisti yfir eftirfarandi þætti alla önnina: Mætir nemandinn, vinnur hann vel, sæmilega eða illa.	10%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b>			

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 6. janúar 2017

  
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils